



Prjónum saman

Prjónum í lotum á unglingastigi grunnskóla

Anna Björg Kristjánsdóttir

**Lokaverkefni til B.Ed-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Prjónum saman

Prjónum í lotum á unglíngastigi grunnskóla

Anna Björg Kristjánsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í Grunnskólakennarafræði

Leiðsögukenndari: Arngunnur Sigurpórsdóttir

Grunnskólakennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.prófs í
Grunnskólakennarafræði. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt
nema með leyfi höfundar.

© Anna Björg Kristjánsdóttir 2013

Prentun: Bóksala Menntavísindasviðs
Reykjavík, 2013

Ágrip (útdráttur)

Þetta er lokaverkefni til B.Ed. gráðu í Faggreinakennslu í grunnskóla með textílmennta kjörsviði og skiptist það í greinargerð og kennsluverkefni. Verkefnið er framlag til lotukennslu í þrjóni á unglíngastigi þar sem sýndar eru þrjónaaðferðir, kynnt markmið, námsmat og tillaga að fyrirlestrum bæði um þrjón og íslensku ullina. Í verkefninu eru leiðbeiningar fyrir nemendur og kennara. Hugmynd af verkefninu varð til í vettvagnsnámi þegar í ljós kom að lítið hefur verið gefið út af kennsluefni fyrir lotukennslu í grunnskólum. Við gerð verkefnisins kom vel í ljós mikilvægi góðs gagnagrunns fyrir lotur því oft fylgir mikið álag því að kenna mikið efni á stuttum tíma og því er gott skipulag nauðsynlegt. Verkefnið tekur á áfangamarkmiðum í textílmennt við lok 10. bekkjar.

Efnisyfirlit

Ágrip (útdráttur)	3
Efnisyfirlit	4
Formáli	5
1 Inngangur	6
2 Námskenningar	7
2.1 Hugsmíðikenning	7
-Piaget	7
-Dewey	8
2.2 Samantekt	8
3 List- og verkgreinar	8
3.1 -Kennsluhættir í list og verkgreinum	9
3.2 Hlutverk list og verkgreinakennara	9
3.3 Kennsluaðferðir	11
3.4 Námsmat	12
4 Textílmennt	13
4.1 Saga þrjóns á Íslandi	13
4.2 Íslenska ullin	15
5 Lotur og fyrirkomulag þeirra	16
5.1 Samantekt um lotukerfið	18
6 Lokaorð/Niðurlag	18
Heimildaskrá	20

Formáli

Greinagerð þessi ásamt kennsluverkefni í Prjóni er lokaverkefni til B.Ed. gráðu í Grunnskólakennslu með textílmennta kjörsvið við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Leiðbeinandi við verkið var Arngunnur Sigurbórsdóttir og á hún skilið þakkir fyrir leiðsögn og stuðning.

Fjölskyldan fær þakkir fyrir þolinmæði meðan á skrifunum stóð og systir mín Jóna Benný Kristjánsdóttir fær þakkir fyrir yfirlestur. Starfsfólk Grunnskóla Hornafjarðar fær einnig þakkir fyrir góð svör við spurningum mínum.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, _____._____ 20__

1 Inngangur

Þetta verkefni samanstendur af greinargerð og kennsluverkefni um þrjón í lotukennslu á unglíngastigi. Í greinargerðinni eru teknar fyrir kenningar, kennsluhættir, hlutverk kennara, námsmat og lotukennsla. Einnig er farið í sögu- og félagslegan þátt þrjóns á Íslandi og íslensku ullina. Meðfylgjandi er kennsluverkefni í textílmennt um þrjón.

Kveikjan að kennsluverkefninu varð þegar höfundur var í vettvansgnámi þar sem kennt var í lotum og sá að takmarkað er til af efni sem tilheyrir lotuvinnu á unglíngastigi. Góður gagnagrunnur fyrir lotur er mikilvægur, þar er kennt mikið efni á stuttum tíma og þá er gott skipulag nauðsynlegt. Kostir og gallar lotukerfisins verða skoðaðir og miðað við þá við uppbyggingu verkefnis.

Í greinargerðinni verður hugmsíðikenningin skoðuð ásamt áherslum þeirra Dewey og Piaget og sett í samhengi við efnið. Gengið er út frá markmiðum aðalnámsskrár grunnskóla og verkefnið unnið út frá henni. Greinargerðin er hugsuð sem stuðningur við kennsluverkefnið.

Í kennsluverkefninu verður áhersla lögð á verklega kennslu og félags- og sögulega þáttinn sem snýr að þrjóni á Íslandi þar sem þrjón er hluti af menningararfi okkar Íslendinga sem ekki má vanrækja. Miklar breytingar hafa orðið á ullarvinnslu á Íslandi og höfundur vildi tengja ullina þrjónaskapnum þar sem hún hefur verið notuð þar í gegnum árin.

Mikilvægt er að kennarar þekki vel kennsluaðferðir, skólaumhverfið og námsefnið. Nemendur eru misjafnir eins og þeir eru margir og engin ein aðferð eða námsefni sem hentar fyrir alla, við verðum að leyfa einstaklingnum að blómstra og njóta sín og því eru þessir þættir teknir sérstaklega fyrir í greinargerðinni.

Í upphafi greinargerðarinnar verður hugsmíðikenningin skoðuð og áherslur þeirra Dewey og Piaget og hvernig tengingin við textílmennt er, næst koma þættir sem tilheyra list- og verkgreinunum þar sem helsta áherslan er á textílmennt og svo verður lokukennsla skoðuð.

2 Námskenningar

Í bókinni Fagleg kennsla í fyrirrími eftir Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildi Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir segir að námskenningar auðveldi okkur að skilja hlutina og ná áttum á hvernig við ættum að vinna úr efni. Hugsmíðikenningin hæfir vel list- og verkgreinum og einnig áherslur þeirra Dewey og Piaget þar sem undirstöðurnar eru frelsi, val og hvernig skal byggja á því sem er fyrir og er mismunandi eftir einstaklingum.

Námskenningar víkka skilning á náminu og geta hjálpað til við að skipa auðugt námsumhverfi. Mikilvægt er að finna út og skilja á hvaða hátt nemendur læra best og hvernig best er að stýra þeim í námi, við skipulagningu kennslu byggja kennarar ýmist meðvitað eða ómeðvitað á ákveðnum kenningum. Gott er að setja kennslu og reynslu í fræðilegt samhengi með því að tengja þær við kenningar og finna út hvaða kenningar hafa áhrif á okkur með kennslufræðilegu tilliti. Eðlilegt er að heillast meira af einni kenningu en annarri og taka jafnvel það sem okkur finnst best úr hverri og einni (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005; 13). Það er misjafnt hvernig kenningar höfða til hvers og eins og sumar kenningar eiga við í tiltekinni kennslu og aðrar ekki. Hugsmíðikenningin tengist vel list og verkgreinum og því er við hæfi að skoða hana nánar og fræðimennina sem standa á bak við hana.

2.1 Hugsmíðikenning

Hugsmíðikenningin segir að skilningur verði til við sambland af fyrri skilningi og nýrri reynslu. Nemendur eru þannig að byggja á þá reynslu sem þeir hafa fyrir (Hafdís Guðjónsdóttir ofl, 2005; 15-16). Þekking og reynsla nemenda getur verið mjög misjöfn í list og verkgreinum og þess vegna verður fjölbreytni námsefnis að vera til staðar og við hæfi hvers og eins til að byggja á.

-Piaget

Samkvæmt Piaget eiga nemendur að fá tækifæri til að velja sér viðfangsefni sjálfir. Þeir eiga að hafa úr nægu að velja og þá munu þeir velja sér viðfangsefni við hæfi og í samræmi við það stig vitsmunaproskans sem þeir eru staddir á hverju sinni (Charles, C. M., 1982: 29-30). Piaget segir að vitsmunaproskinn eflist við að handfjatla hluti og gera tilraunir (Hafdís Guðjónsdóttir ofl, 2005; 18). Nemendur verða að hafa frelsi í verkefnavali og passa verður að fyrirmælin séu ekki svo stíf að það hefti val þeirra.

-Dewey

Dewey segir að reynslan sjálf sé uppspretta menntunar, hann lagði áherslu á þjálfun hugsunar og færni og sagði að allri hugsun fylgdi ályktun. Hann vildi að kennslan byggðist á skoðanaskiptum og frjálsum tjáskiptum. Kenningar Dewey samræmast vel hlutbundnu námi eins og myndmennt og textílmennt (Hafdís Guðjónsdóttir ofl, 2005; 16). Hugsjón Dewey var sú að lýðræðislegur skóli sé opinn fyrir fjölbreytni mannfjöldans, fjölbreytni í samskiptum og gildum og geti um leið stuðlað að fjölbreytilegri reynslu (Halla Jónsdóttir, 2010: 141).

2.2 Samantekt

Í list og verkgreinum er mikilvægt að leyfa sköpunarhæfileikunum að njóta sín. Áherslur Piaget og Dewey ýta undir frelsi og valkvæði nemenda og að þeir fái að velja viðfangsefni og um leið að átta sig á hvar þeir eru staddir í ferlinu og hvað þeir ráði við. Þeir þurfa að fá að handfjatla efnið sem þeir vinna með svo þeir geti gert það að sínu. Þegar nemendur fá að velja ýtir það undir áhuga þeirra og sýnir að þeir skipta máli. Meiri líkur eru á að nemendur byggi á þá þekkingu sem þeir hafa fyrir ef þeir hafa frelsi til að halda sínu striki.

3 List- og verkgreinar

Í aðalnámsskrá grunnskóla kemur fram að með menntun í list og verkgreinum þroski nemendur með sér sjálfstætt gildismat með áherslu á að njóta list og verkmenningar og móta um leið sjálfstæðan lífsstíl. Þeir geta haft áhrif á umhverfi sitt og mótað um leið menninguna með þátttöku sinni í skapandi starfi. Nemendur fá tækifæri til að leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín, til að skapa og þróa eigin verk og þeir temja sér læsi á menningu og hinu manngerða umhverfi (Aðalnámsskrá grunnskóla, Greinasvið 2013; 140-141). Nemendur eru ekki alltaf meðvitaðir um tilvist og áhrif list- og handverks og gera sér ekki grein fyrir mikilvægi þess að leyfa sköpunarhæfileikunum að njóta sín, handverk innan heimila eða stofnanna endurspeglar oft persónurnar sem þar eru.

Aukin umræða um tengis skóla og samfélags hefur átt sér stað á undanförunum árum. Góð leið til að styrkja samstarf á þeim sviðum eru vettvangsferðir þar sem nemendum er kynntur ákveðinn starfsvettvangur, þeim leyft að koma í raunverulegar

aðstæður og um leið ýtt undir áhuga þeirra. Mikilvægt er að nemendur átti sig á að nám í grunnskóla er grunnurinn að framtíðinni þar sem þeir geti nýtt það sem þeir hafi lært.

3.1 -Kennsluhættir í list og verkgreinum

Samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla fléttast saman í list- og verkgreinum fjórir þættir, þekkingaröflun og hugmyndavinna, framkvæmd, greining og samhengi. Þegar horft er í textílmenntina myndu þessi atriði nýtast best á þennan hátt:

Þekkingaöflun og hugmyndavinna snúast um að afla sér þekkingar, sanki að sér efni og prófa sig áfram með hugmyndir. Við *Framkvæmd* er ferlið komið lengra og farið er að prófa, forma og framleiða. Með *greiningu* er átt við að nemendur rannsaki og greini það sem þeir vinna með á gagnrýninn hátt og auki þannig skilning sinn á efninu. Að því er varðar *samhengi* þá setja nemendur það sem unnið er með í samhengi sem getur verið sögulegt, menningarlegt og/eða félagslegt (Aðalnámsskrá grunnskóla, Greinasvið 2013; 160-161).

Rökrétt er að byggja á þessum þáttum og það hjálpar nemendum að sjá námið í víðara samhengi. Þeir læra að sjá hlutina frá fleiri sjónarhornum og einblýna ekki bara á einn þátt verksins heldur reynir á samhæfingu huga, hjarta og handar.

3.2 Hlutverk list og verkgreinakennara

Hlutverk textílmenntakennarans er eins og annarra list- og verkgreinakennara að styðja nemandann við að þróa sínar hugmyndir og kenna honum viðeigandi verklag. Hann þjálfar nemandann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpar honum við að raungera hugmyndir sínar. Mikilvægt er að list og verkgreinakennarar hafi mikla og góða þekkingu á faginu og leiðbeini nemendum með réttu vinnulagi er það forsenda þess að þeir geti fundið styrk sinn, átt frumkvæði og með auknum þroska og aldri þróað eigin útfærslur í vinnu. Námið þarf að vera merkingabært og í því þarf að vera stígandi í samræmi við getu og þroska nemenda (Aðalnámsskrá grunnskóla, Greinasvið 2013; 163). Til að kveikja og viðhalda áhuga nemenda þurfa að vera nýjungar í náminu og fylgja þarf þeirri samfélagsþróun sem á sér stað, handverk verður að endurnýja í takt við breytta tíma.

Í nýrri aðalnámsskrá er unnið með fimm grunnstoðir í menntun sem eru: læsi í víðum skilningi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi starf. Mennta- og

menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun hafa gefið út rit um grunnþætti menntunar og eitt þeirra er um sköpun sem er ein af grunnstoðum textílmennta.

Máli skiptir að finna sinn styrkleika og þroska með sér þá hæfileika sem maður býr yfir sama á hvaða sviði þeir eru. Það getur leitt til flókinna vandamála að fá ekki að blómstra og njóta sín á því sviði sem maður er sterkastur. Í ritröðuninni um Sköpun er því velt upp hvort deyfð og depurð sé stundum ástæða þess að fólk hafi ekki fundið það sem veur gleði þess og áhuga (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012: 13). Með það að leiðarljósi er mun meiri ástæða til að efla sköpunarþáttinn og textílmenntin er kjörinn vettvangur til þess að leyfa einstaklingnum að njóta sín á eigin forsendum.

Í sköpunarþættinum er gott að leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín, það býr ekki einungis í huganum, það býr einnig í líkamanum og nærast á þekkingu og upplifun sem það fær í gegnum öll skynfærin. Ímyndunarafl og kjarkur haldast oft í hendur, það er hvort við þorum að framkvæma það sem býr í huganum (Ingibjörg Jóhannsdóttir ofl, 2012; 19-21). Innan skólanna hefur sú breyting orðið að meiri áherslur eru á val og frelsi nemenda. Í list og verkgreinum er hægt að haga fyrirmælum þannig að þeir vinni innan viss ramma en hafi samt sem áður frelsi samhliða því og fái að skapa á sinn hátt. Nemendur þurfa að fá að taka þátt í og móta eitthvað sem kemur frá þeim, þeir verða að fá að setja sinn svip á verkið og fá að taka þátt í valinu á því sem þeir vinna með.

Í ritinu Lýðræði og mannréttindi kemur fram að í skólasamfélaginu þurfa kennarar að bera virðingu fyrir nemendum og þeirra skoðunum, nemanda sem er stýrt og hann mataður á efni er ekki líklegur til að þroska með sér frumkvæði og skapandi hugsun. Viðhorf kennara til barnsins og vinnu þess getur skipt sköpum í námi þess. Ef nemandinn er alltaf „látinn“ gera hlutina en ekki „leyft“ þá um leið sýnir kennarinn eða skólinn valdamun og nemandinn lærir að verða óvirkur og ósjálfstæður. Nemandinn verður að finna að hans skoðanir séu virtar og að hlustað sé á hann en með því er ýtt undir sjálfstæði hans og sjálfsvirðingu (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012; 32-33). Kennarar þurfa að hvetja nemendur og láta þá vita hvað vel er gert og eins það sem betur má fara. Með því að veita nemendum frelsi kennum við þeim að skoða hug sinn en um leið að þekkja sín mörk.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í nýrri Aðalnámsskár sett upp hæfniviðmið í lok fjórða bekkjar, sjöunda bekkjar og tíunda bekkjar og ber kennurum að miða við þau. Í hæfniviðmiðunum eru þrír flokkar sem eru í fyrsta lagi handverk, aðferðir og tækni - sköpun, í öðru lagi hönnun og útfærsla og í þriðja lagi menningararfur, umhverfi og efnisfræði. Undir þessum flokkum kemur fram hvað nemendur eiga að vera búnir að tileikna sér á hverju aldursbili sem miðað er við (Aðalnámsskrá grunnskóla, Greinasvið 2013; 158). Fyrir þá nemendur sem eru ekki sterkir á bókina geta list og verkgreinatímar gert kraftaverk og þá skiptir líka máli að hafa fjölbreytni í kennsluaðferðum til að ná til sem flestra.

3.3 Kennsluaðferðir

Í þessum kafla eru settar fram þær kennsluaðferðir sem notaðar verða í kennsluverkefninu sem fylgir greinagerðinni.

Sýnikennsla er mikið notuð í list- og verkgreinum, þá sýnir kennari eða nemandi tiltekin vinnubrögð eða aðferðir. Áður en hún hefst þarf að tryggja að allar skýringar séu ljósar og samhengi þeirra markvisst og eðlilegt (Ingvar Sigurgeirsson, 1999; 59). Í textílmennt skiptir miklu máli að vera með sýnikennslu þar sem erfitt er að koma útskýringum vel frá sér með öðrum hætti.

Fyrirlestrar geta bæði verið formlegir þar sem fyrirlesarinn flytur mál sitt sleitulítið, svo eru óformlegir fyrirlestrar sem eru meira á spjallformi (Ingvar Sigurgeirsson, 1999; 52-53). Þegar textílkennsla er skoðuð í félags- og sögulegu samhengi geta fyrirlestrar hentað vel, þá er áhugavert að sýna nemendum gömul áhöld, tæki og tól sem notuð voru áður fyrr eins og snældu, rokk og kamba samhliða fyrirlesturum. Í kennsluverkefninu verða fyrirlestrar um þrjón og íslensku ullina.

Hægt er að fara með nemendur í skoðunarferðir þar sem farið er með þá úr skólastofunni og þeim sýnd fyrirtæki, stofnanir, söfn eða náttúran. Í slíkum ferðum er kennarinn sögumaður eða leiðbeinandi og þá reynir á þekkingu hans og hæfni til að koma efninu vel frá sér (Ingvar Sigurgeirsson, 1999; 61). Ferðir henta vel til að brjóta upp starfið og það er lærdómsríkt fyrir nemendur að heimsækja fyrirtæki eða stofnanir og sjá þá starfsemi sem þar fer fram og tengja um leið skólann við samfélagið og atvinnulífið.

Mikill lærdómur og reynsla geta falist í því að setja upp vel gerða sýningu og nokkuð er um að nemendur setji upp sýningar, til dæmis að smiðju lokinni og bjóði þá foreldrum, samnemendum eða öðrum að koma og sjá afrakstur tímabilsins.

Tækniþróun hefur orðið mikil gott er að nýta hana í kennslu, ekki eru til miklar heimildir um snjalltæki og aðrar tækninýjungar í kennslu en þróunin er hröð og ljóst er að kennarar þurfa að vera opnir fyrir nýjungum til að geta fylgt nemendum og nýjum tímum eftir.

Þegar unnið er með kennsluaðferðir skiptir námsmat einnig miklu mál og kynna verður fyrir nemendum hver markmiðin með kennslunni eru og hvernig matið fer fram og er það umfjöllunarefni næsta kafla.

3.4 Námsmat

Í aðalnámskrá grunnskólanna er gert ráð fyrir námsmati út frá nýjum hæfniviðmiðum sem byggjast á grunnþáttum um menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga, sú hæfni er nefnd lykilhæfni. Þessir fimm þættir eru: tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi (Aðalnámskrá grunnskóla; Almennur hluti 2011; 53).

Í kennsluverkefninu um þrjón er notað *símat*, það felur í sér að kennarinn metur nokkur fyrirfram ákveðin atriði nokkrum sinnum yfir námstímabilið. *Sjálfsmat* verður lagt fyrir í lok tímabilsins, þar metur nemandinn sjálfur hvernig honum hefur gengið í náminu eða jafnvel í tilteknum verkþætti (Aðalnámskrá grunnskóla, Greinasvið 2013; 163). Í lok tímabils er gert *lokamat* sem notað er þegar metinn er námsárangur í heild sinni eða jafnvel lokaafurð, einnig getur þetta átt við um ferilmöppu sem er öflugt tæki til mats (Aðalnámskrá grunnskóla, Greinsvið 2013; 163). Með einkun fylgja umsagnir sem hjálpa nemendum að sjá sína styrkleika og veikleika.

Þetta eru þær aðferðir við námsmat sem notaðar verða í kennsluverkefninu þar sem höfundurinn finnst þær gefa raunhæfa mynd af frammistöðu nemenda í verkefnum sem þessu.

4 Textílmenn

Námsgreinin textílmenn nær bæði yfir hönnun og handverk, hún byggir á gömlum aðferðum sem hafa þróast í áranna rás. Mikilvægt er að varðveita hefðir og rótgróna þekkingu á efnum og aðferðum en um leið þarf að innleiða nýjar aðferðir og fylgja straumum hvað varðar þróun í textílmenn. Mikil uppsveifla hefur verið í íslenskri hönnun undanfarin ár og hún hlotið verðskuldaða athygli jafnt innanlands sem erlendis. Kjörið er fyrir textílkennara nýta þann meðbyr sem íslensk hönnun hefur og kynna greinina vel og efla með því áhuga unga fólksins á handverki og hönnun.

Mikilvægt er að bera virðingu fyrir þeirri miklu vinnu sem fólk lagði á sig á árum áður við hannyrðir og halda heiðri þess á lofti með fræðslu og kynningu. Með þetta að leiðarljósi verða tveir félags- og sögulegir þættir skoðaðir sérstaklega í þessari greinagerð, „saga þrjóns á Íslandi“ og „íslenska ullin“.

4.1 Saga þrjóns á Íslandi

Í þessum kafla verður skoðað upphaf þrjóns á Íslandi, hverjir þrjónuðu og mikilvægi þrjóns í afkomu Íslendinga. Einnig verður fjallað um þrjónaaðferðir og hverjar fyrstu heimildirnar um þrjón voru. Fyrirlestur um sögu þrjóns á Íslandi er meðfylgjandi kennsluverkefninu um þrjón.

Elstu rituðu heimildir um þrjón á Íslandi eru frá 1581 í bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups á Hólum og í biblíu kenndri við hann frá 1584. Elsta varðveitt þrjónles á Íslandi er belgvettlingur sem fannst við uppgröft að Stóruborg í Austur-Eyjafjallahreppi 1981. Þegar tekið er mið af fundarstaðnum má reikna með að vettlingurinn hafi verið frá fyrri hluta 16. aldar. Aðrar leifar hafa fundist við forleifarannsóknir frá því í kringum 1600 (Jón Böðvarsson, 1988; 88). Þá fundust einnig þrjónar í uppgræftri á Stóruborg árið 1979, þeir eru taldir vera frá um 1700, þetta voru þrjú bandþrjónar, tveir úr járn og einn brotinn úr kopar. Þetta eru einu þrjónarnir sem vitað er um hér á landi eldri en frá 19. Öld. Þvermál þeirra var 2,5-3mm og lengdin var 20 cm (Elsa E. Guðjónsson, 1985; 9).

Prjón er talið hafa borist til Íslands með þýskum, enskum eða hollenskum kaupmönnum en þjóðverjar eru taldir hvað líklegastir til að hafa komið með það hingað til lands (Elsa E. Guðjónsdóttir, 1985; 8).

Íslendingar hafa fljótt farið að prjóna mikið og elstu skýrslur um útfluttning á prjónlesi eru frá árinu 1624 en þá voru flutt út 72.231 pör af sokkum, 12.232 pör af vettlingum og 12.251 alin vaðmáls. Talið er að prjónaskapur hafi verið mikill á þessum tíma og að hann hafi haldist með þessu móti næstu 200 árin. (Jón Böðvarsson, 1988; 88-89).

Á árum áður voru ýmis tilbrigði í prjónlesinu allt eftir tísku hvers tíma, litirnir voru mismunandi og einnig lag þess sem prjónað var. Auk fatnaðar er vitað til þess að hafi verið prjónaðar pyngjur, koddaver og jafnvel tjöld til viðlegu (Elsa E. Guðjónsson, 1985; 9).

Hefðbundið íslenskt prjón var prjónað í hring á fimm prjóna eða fleiri ef prjónaðar voru víðar flíkur. Hringprjónarnir komu ekki til sögunnar fyrr en í kringum árið 1940. Algengast var að slétt prjón væri prjónað en garðapryjón var einnig notað að einhverju leiti. Brugðna lykkjan var prjónuð á annan hátt áður fyrr en gert er í dag, þannig að í staðinn fyrir að bregða bandinu um prjóninn var það lagt framan við lykkjuna og dregið í gegn (Elsa E. Guðjónsson, 1985; 9).

Talið er að fyrsta hannyrðabókin sem prentuð var á Íslandi hafi komið mörgum íslenskum konum á sporið með að prjóna gatapryjón og það orðið til þess að útprjón hafi orðið vinsælla en áður var. Þessi bók hét *Leiðarvísir til að nema ýmsar kvennlegar hannyrðir* eftir Þóru Pjetursdóttur, Jarþrúði Jónsdóttur og Þóru Jónsdóttir en hún kom út árið 1886. Þremur árum síðar kom út bókin *Kvennafræðarinn* eftir Elínu Briem og hún ýtti enn frekar undir þennan áhuga þar sem hluti hennar snéri að handverki (Sigríður Halldórsdóttir, 2005; 8).

Prjónavélar voru fluttar inn rétt fyrir aldamótin 1900 og dró þá úr prjónaskap íslendinga. Um miðja 19. öldina snérist dæmið aftur við og prjónarnir tóku við af vélunum. Prjónaskapurinn færðist meira yfir á konurnar þegar líða fór á 19. öldina en áður höfðu karlmenn prjónað töluvert líka (Jón Böðvarsson, 1988; 89-98).

Í dag er enn mikið prjónað og það tengist nokkuð tískunni hvað er á prjónum íslendinga. Flíkur, litir og munstur ráðast af því hvað er í tísku hverju sinni auk þess sem

notagildið hefur alltaf áhrif líka. Íslenska lokapeysan er vinsæl meðal erlendra ferðamanna eins og íslenska ullin sem nýtur mikilla vinsælda og er hún umfjöllunarefni næsta kafla.

4.2 Íslenska ullin

Varla er hægt að tala um þrjón án þess að ullin sé líka nefnd, í þessum kafla verður farið yfir vinnslu ullar fyrr á árum og þróunina sem orðið hefur á meðferð og vinnslu ullar auk þess sem farið er yfir einkenni hennar.

Helsta útflutningsvara Íslendinga um margar aldir var vaðmál og þrjónles og lendi voru verðgildi peninga metið eftir álnum vaðmáls (Magnús Guðmundsson, 2011: 21).

Á síðari hluta 18. aldar urðu miklar framfarir í heimilisiðnaði Íslendinga en þá fluttu forvígsmenn Innréttinganna inn danska vefstólinn, rokkinn og þelkambana (Magnús Guðmundsson, 2011: 21). Þessi áhöld voru notuð til að vinna ullina. Togið var tekið ofan af þelinu, það svo táíð og kembt í kömbunum, tveir kambar notaðir hvor á móti öðrum og kembt á milli, næst var lyppað upp í lófa sinn og svo spunnið á snældur (Elsa E. Guðjónsson, 1953: 52).

Fram að lokum 19. aldar var allur ullariðnaður á Íslandi heimilisiðnaður að undanskilinni ullarverksmiðju sem stofnuð var árið 1752 og starfaði í tæp 50 ár en þá lagðist hún aftur niður (Elsa E. Guðjónsson, 1953: 41). Vélvæðingin tók við árið 1884 en þá komu kembi- og spunavélar knúnar með vatnsafli til landsins, stofnuð voru fyrirtæki í kringum þetta og má þar nefna Álafoss árið 1896 og Gefjun á Akureyri árið 1897. Ullin var kembd í lopa og spunnið í band í tóvélaverkstæðunum (Magnús Guðmundsson, 2011: 21).

Í dag er Ístex eina ullarverksmiðjan á landinu. Verksmiðjan kaupir ullina beint frá bóndanum og sér um allt ferlið og meðferðina á henni, frá hreinsun og þar til hún er tilbúin til sölu í hespum eða dokkum. Með breyttum tímum hefur þróunin orðið gífuleg og tækniframfarirnar miklar, ef við horfum til dæmis til þess að ullin var jafnan þvegin heima við læk fyrr á öldum en í dag hvarflaði það ekki að fólki að fara í lækinn.

Algengast er að ullin sé gulhvít en þó er hún stundum grá, mórauð eða svört (Elsa E. Guðjónsson, 1953: 42). Íslenska ullin skiptist í tvær hárgerðir, tog og þel. Togið er langt, gróft og getur verið gljáandi. Þelið er aftur á móti stutt, fínt, mjúkt og fjaðrandi (Jón Böðvarsson, 1988; 156-158).

Ullarhárin eru hrokkin og frekar stutt, utan á þeim er einskonar hreistur sem sést aðeins í smásjá. Hreistrið auðkennir ullina frá öðrum vefjarefnum (Elsa E. Guðjónsson, 1953: 42). Hreistrið veldur því að ullin þófnar ef hún er ekki rétt þvegin því þá lyftast hreisturflögurnar frá og þegar hún er nudduð festast þær hver við aðra og þannig þófnar ullin (Bask, L., Halme, H., Vuorio, K., og Wennervirta, H., 2000: 17).

Ullin er teygjanleg og hlý, hún dregur í sig mikinn raka án þess að virðast blaut og rafmagnast ekki. Auðvelt er að losa óhreinindi af ullinni. Hún er ekki mjög eldfim og eldur í ull slokknar af sjálfu sér. Ullin krumpast ekkert að ráði en hún hleypur og þófnar (Bask, L., o.fl., 2000: 16 og Elsa E. Guðjónsson, 1953: 44-45).

Íslenska ullin er sterk, mjög hlý, gljáandi og mjúk, hún er einnig fjaðurmögnuð og þá halda nærföt, sokkar og annar fatnaður sem gerður er úr henni í sér meira lofti en fatnaður úr öðrum tegundum og er því hlýrri (Elsa E. Guðjónsson, 1953: 50-51). Þessi eiginleiki er talinn hafa bjargað lífi og heilsu margra Íslendinga á blautum og köldum dögum á árum áður.

Helsti ókostur íslensku ullarinnar er þelið en það dregur verð hennar niður (Elsa E. Guðjónsson, 1953: 50-51).

Þar sem miklar tækniframfarir hafa breytt ullarvinnslu okkar Íslendinga þarf að kynna fyrir nemendum hvernig unnið var með hana á árum áður og hverjar breytingarnar hafa orðið. Þegar horft er í félags- og sögulegt samhengi textíla á ullin sér sögu sem vert er að kynna og vinna með. Eins og sjá má hér að ofan hefur ullarvinnslan breyst mikið en ullin samt haldið áfram að vera gæðavara. Eins og áður segir er varla er hægt að minnast á þrjón án þess að minnast á ullina og því fylgir kennsluverkefninu fræðsla um ull og þátt hennar í sögu okkar Íslendinga.

5 Lotur og fyrirkomulag þeirra

Lotukerfið er nokkuð nýtilkomið og því ekki mikið kennsluefni sérsniðið að því og þess vegna er lögð áhersla á það í verkefninu.

Arngunnur Sigurþórsdóttir skoðaði lotukerfi í íslenskum grunnskólum og stöðu textílmenntar í lotukerfinu 2011. Í rannsókn hennar kemur fram að lotukerfi í grunnskólum á Íslandi hefur verið að þróast í rúman áratug. Menntasvið Reykjavíkur

kannaði stöðu list- og verkgreina í Reykjavík árið 2009 og þar kom fram að 23 af 36 skólum höfðu tekið upp kennslu í list og verkgreinum í lotukerfi að einhverju leyti (Arngunnur, 2011: 55-59). Niðurstöður Arngunnar sýna að lotukerfi í list- og verkgreinum hefur á síðustu 12 árum verið sett upp í 40% grunnskóla á Íslandi (Arngunnur Sigurpórsdóttir, 2011; 74). Fjöldi kenndra tíma í lotum er misjafn milli skóla og er því erfitt er að átta sig á því hvort kennslustundunum hefur fækkað eða fjölgað með breyttu fyrirkomulagi.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar var lotukerfi í list- og verkgreinum upphaflega komið á til þess að skapa rými fyrir fleiri námsgreinar, efla frumkvöðla og þróunarstarf, til þess að hagræða í fjármálum og mannafla og auka sveigjanleika í skólastarfi (Arngunnur Sigurpórsdóttir, 2011; 53-54).

Í rannsókninni kemur einnig fram að skólastjórnendur telji kerfið bjóða upp á meiri skilvirkni og betri samfellu og framvindu í námi og auk þess sveigjanleika, fjölbreytni og aukið svigrúm. Samkvæmt svörum textílkennara kom fram möguleikinn á að stækka nemendahópa þegar heilum árgöngum er blandað saman, auk þess sem nemendur kynnast fleirum með blönduninni (Arngunnur Sigurpórsdóttir, 2011; 59). Textílkennarar eru sammála skólastjórnendum um þessa kosti og bæta auk þess við að kerfið bjóði uppá aldursblöndun og aukinn sveigjanleika í skólastarfinu (Arngunnur Sigurpórsdóttir, 2011; 75). Með lotufyrirkomulaginu eru nemendur að vinna styttri tímabil og þá fleiri tíma á viku og því verður meiri samfella í náminu og vinnan verður skilvirkari þegar líða ekki margir dagar á milli tíma. Þegar langt er á milli tíma hættir nemendum frekar til að missa áhugann á verkefnum.

Helstu gallar lotukerfisins eru hættan á að fjöldi kennslustunda verði ekki nægur og einnig að ef forföll verði mikil sé erfiðara að vinna þau upp hvort sem um er að ræða forföll kennara eða nemenda (Arngunnur Sigurpórsdóttir, 2011; 82). Þá er hættara við að sami hópurinn sem missi úr tíma ef um er að ræða veikindi sem standa yfir í einhverja daga. Í meðfylgjandi kennsluverkefni eru góðar verklýsingar sem gefa nemendum kost á að vinna verkefni sjálfstætt heima eða til að búa að leiðbeiningunum ef af einhverjum ástæðum verða forföll frá tímum. Einnig er farið í upplýsingalæsi, hvernig nemendur læra að þrjúna eftir uppskrift og geti með því orðið sjálfbjarga með áframhaldandi vinnu eftir lotuna.

5.1 Samantekt um lotukerfið

Við gerð kennsluverkefnisins er stuðst við fyrirkomulagið eins og það er í heimaskóla höfundar, Grunnskóla Hornafjarðar. Þar er lotukennsla í öllum list- og verkgreinum og skólaárinu er skipt niður í fjögur tímabil. Á unglíngastiginu er kennt þrisvar sinnum í viku 180 mínútur í senn og hvert tímabil er 8-9 vikur. Reynt er eftir bestu getu að hafa hópastærðirnar ekki stærri en 12 nemendur en algengt er að það séu 8-15 nemendur í hóp. Smíðjurnar eru sex, textílmennnt, myndmennnt, smíði, heimilisfræði, tölvur og leiklist. Hver nemandi velur sér 4 smíðjur. Í þessum smíðjum er samkennsla í 7. og 8. bekk og einnig í 9. og 10. bekk.

Þegar borið er saman fyrirkomulagið í Grunnskóla Hornafjarðar og því sem fram hefur komið í rannsóknum Arngunnar eru sömu atriði sem koma upp eins og meiri samfella í námi, sveigjanleiki, fjölbreytni og aukið svigrúm, auk þess sem blöndun bekkja er töluverð þar sem tveimur árgöngum er blandað saman. Í Grunnskóla Hornafjarðar er verkmenntahús þar sem eru kennd textílmennnt, smíði og myndmennnt. Kennurum þessara greina hefur tekist að leysa vanda vegna forfalla með því að hliðra til sín á milli, ef nemandi hefur ekki tekist að klára verkefni í einni grein hefur hann fengið að fara á milli greina til að klára verk ef vel stendur á beggja megin. Þetta er ein leið til að leyfa nemendum að vinna upp tapaðan tíma ef aðstæður í næstu smíðju á eftir leyfa.

Tímafjöldi í skólum sem eru með lotukennslu er eins og áður segir, nokkuð misjafn svo í kennsluverkefninu eru hafðar til hliðsjónar allar þær hugmyndir sem upp komu við vinnuna og því er hægt að velja úr hvað hentar hverju sinni eftir því hve mikinn tíma nemendur fá.

6 Lokaorð/Niðurlag

Hér hafa verið skoðaðar heimildir og upplýsingar sem koma að notum við gerð kennsluverkefnis í þróun fyrir unglíngastig þar sem er lotukerfi. Í greinagerðinni var tekin fyrir hugsmíðikenningin og áherslur þeirra Dewey og Piaget. List- og verkgreinarnar voru skilgreindar, kennsluhættir þeirra og hlutverk kennara. Farið var í kennsluaðferðir og námsmat sem notað verður í kennsluverkefninu. Greinin textílmennnt var skoðuð og sögu- og félagslegur þáttur þróunar og íslensku ullarinnar. Í lokin var lotukerfið skoðað og Grunnskóli Hornafjarðar tekinn til viðmiðunar vegna vinnu á kennsluverkefninu. Ég lagði

áherslu á að vinna með það sem mér finnst koma að gagni í kennslu og því sem viðkemur henni. Í greinargerðinni er farið víða og reynt að taka saman þá þætti sem upp geta komið við kennslu eða í sambandi við kennslufni.

Áhugavert var að vinna greinargerðina og skoða atriði sem snúa að kennslu og námsefni. Eftir þessa vinnu er ég enn sannfærðari um nauðsyn þess að til sé gott kennslufni fyrir lotur þar sem vinnufyrirkomulag þeirra er ólíkt því þegar sama fagið er kennt allt skólaárið og þá sjaldnar í viku. Kennarar eru undir meiri pressu og skipulagið þarf að vera nákvæmara. Stærsti galli lotukerfissins er hversu erfitt getur verið að vinna upp tapaða tíma vegna forfalla hvort sem er kennara eða nemenda þar sem fer fram mikil kennsla á stuttum tíma. Erfitt getur verið að finna lausnir á þeim en eins og fram kom varðandi Grunnskóla Hornafjarðar hefur þeim tekist að hliðra til á milli greina þegar þörf hefur verið á og þannig leyst vandamál vegna forfalla. Aðra leið tel ég vera gott námsefni sem gefur nemendum kost á að vinna sjálfsætt og með því vinna sig upp ef um forföll er að ræða. Þessar leiðir henta kannski ekki alls staðar og erfitt getur verið að finna lausn þessa vandamáls en um leið ber að horfa í kostina við lotukerfið sem eru mun fleiri en gallarnir.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011.

Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013.

Arngunnur Sigurpórsdóttir. (2011). *Textílmennit kennd í lotukerfi*. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10265>

Bask, L., Halme, H., Vuorio, K., og Wennervirta, H. (2000). *Hannyrðir í 3.-6. bekk* (2. útgáfa). (Guðrún Hannele Henttinen þýðandi). Reykjavík: Námsgagnastofnun. (Frumútgáfa 1983).

Charles, C. M. (1982). *Litla Piaget kverið*. (Jóhann S. Hannesson, þýðandi). Reykjavík: Námsgagnastofnun. (Frumútgáfa 1974).

Elsa E. Guðjónsson. (1953). *Dúkur og garn: leiðbeiningar um vefjarefni*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðjan.

Elsa E. Guðjónsson. (1985). Um þrjón á Íslandi. *Hugur og hönd*, 8-12.

Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: Offsetfjölritun HF.

Halla Jónsdóttir. (2010). Lýðræði og samræða. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 131-141). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). *Sköpun, grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningamálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan.

Jón Böðvarsson (ritstjóri). (1988). *Ull verður gull: Ullariðnaður Íslendinga á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld*. Reykjavík: Iðnsaga Íslendinga og Hið íslenska bókmenntafélag.

Magnús Guðmundsson. (2011). Ullariðnaður á Íslandi. Í Oddný S. Jónsdóttir (ritstjóri), *Þrjónað úr íslenskri ull* (bls. 21-24). Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi. Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Sigríður Halldórsdóttir. (2005). *Þríhyrnur og langsjöl* (2. útgáfa). Reykjavík: Höfundur.